

**Bjef stjórnarráðsins til sýslumanna um sóttvarnir.**

77

Mislingar eru nú i Reykjavík, á Ísafirði og á Siglufirði. Hafa verið gjörð- 6. maí.  
ar ráðstafanir til að stöðva sóttina, en mjög er það hæpið, að það takist. Sóttin er að þessu sinni komin til landsins sakir þess að lög nr. 34,6 nóvbr. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, hafa verið brotin við komu hins norska farþegaskips »Floru« til Vestmannaeyja nú fyrir skömmu, en skip þetta kom frá Bergen, þar sem mislingafaraldur gengur. Eins og mislingarnú eru komnir hjer á land öllum á óvart, eins má búast við því, að illkynjuð-  
ustu erlendar farsóttir svo sem pest, bólusótt, kólera og útbrotataugaveiki geti einhvern tíma borist hingað til lands öllum á óvart, ef ekki er *mjög stranglega* gengið eftir því að sóttvarnarlögin sjeu haldin í öllum greinum.

Að þannig gefnu tilefni þykir vera ástæða til að brýna fyrir yður herra sýslumaður, að gæta þess með fylstu nákvæmni, að nefnd sóttvarnarlög, sbr. auglýsingu landshöfðingja 9. júní 1903, um tilslökun á 7. og 8. gr. laganna að því er herskip snertir og gufuskip sem fara reglulegar ferðir eftir auglýstri áætlun milli Íslands og annara landa, sje haldin í öllum atriðum, og eruð þjer beðinn að brýna þetta fyrir formanni heilbrigðisnefnda þeirra í sýslu yðar, þar sem þjer ekki sitjið í nefndinni sjálfur.

Annað mál þykir þörf að minnast á um leið. Það er varnirnar gegn berklaveikinni, sem gjörir svo mikinn usla í landinu. Lög eru um varnir gegn þessari veiki frá 23. oktbr. 1903, og reglur eru settar samkv. þeim lögum 21. júní 1904, um hrákailát og gólfraestingu, og viðauki við þær reglur 22. septbr. s. á., en lög þessi munu ekki vera haldin sem skyldi, og hinum settu reglum mun alls ekki vera skeytt að neinu leytí, eftir því sem stjórnarráðinu er frekast kunnugt, og þó ætti það að vera öllum ljóst, hvílikur voði þjóðinni er búinn, t. d. unglungum og börnum í skólam, ef gólfraesting og annað, sem um getur í reglunum, er ekki í lagi. Er því lagt fyrir yður að brýna fyrir öllum heilbrigðisnefndum og hrepps-  
nefndum í sýslu yðar að gæta ofangreindra laga og reglnanna, sem samkvæmt þeim eru settar, með alúð og samviskusemi, og gæta þess sjálfur, þar sem þjer náið til, af fremsta megni, að hinum áriðandi fyrirmælum í þessu efni sje fylgt.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um flutning 78  
þingstaðar.**

15. maí.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 25. mars síð-  
astl., og beiðni hreppsnefndarinnar í Arnarneshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður nefnds hrepps sje fluttur frá Hjalteyri til Ytri-Reistarár, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.